



FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRÁÞJÁLFA

*Vinnuverndarhópur Félags íslenskra sjúkráþjálfara
8. apríl 2002*

Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samkvæmt beiðni um umsögn Félags íslenskra sjúkráþjálfara vegna frumvarps um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, Þskj.952 - mál 605 var vinnuverndarhópi Félags íslenskra sjúkráþjálfara falið að svara fyrirspurninni.

Mikilvægt er að hraða afgreiðslu frumvarps til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem forvarnarstarf innan fyrirtækja miðar að því að koma í veg fyrir heilsutjón vegna aðstæðna á vinnustað.

Eftirfarandi eru atriði sem undirrituð telja nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um þetta málefni.

• **13. gr.a. Áhættumat í fyrirtækjum;**

„Ef áhættumatið, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og vinnustað krefjast færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandinn leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.“

Hver á að meta hæfni og færni starfsmanna til að framkvæma ofangreinda þætti. Á Vinnueftirlit ríkisins að hafa það hlutverk og ef svo er hefur stofnunin næjanlegt bolmagn til þess, bæði hvað varðar fjármagn og mannskap þar sem þetta hlýtur að krefjast vinnu margra sérfróðra manna.

• **Brottfall 66.gr.**

Er hættu á að launþegum landsins verði mismunað við brottfall 66. greinar? Stærri fyrirtæki hafa frekar bolmagn til að gera samninga við sérfróða þjónustuaðila en minni fyrirtæki. Með því er trúlega fræðslu- og þjálfunarþættinum, mat á vinnuumhverfi og öðrum forvarnarþáttum betur sinnt í þeim fyrirtækjum sem hafa meira fjármagn og sérfróða þjónustuaðila í þjónustu sinni.

• **67. gr. Heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda;**

Í greininni er ekki ljóst hver eigi að meta að starfsskilyrði starfsmanna séu slík að heilsutjón geti hlotist af. Ef fræðslu- og þjálfunarþættinum er ekki vel sinnt er trúlegt að flest störf geti leitt til atvinnatvinnutengdra sjúkdóma. Hvað ef starfsmaður telur sig vinna við þessi starfsskilyrði en vinnurekandi ekki?

• **IX. Kafli. Hvíldartími, fridagar og hámarksvinnutími. gr. 52 a.**

– **Ákvæði þessa kafla gilda ekki um;**

1. Þá sem starfa við flutninga á vegum og falla ekki undir reglugerð dómsmálaráðuneytis um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflugi og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. Lækna í starfsnámi.

3. Æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,

4. Sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóða.

Hvers vegna ættu þessi starfsgrein að vera undanþegin þessu ákvæði? Varðandi t.d.

lækna í starfsnámi – er ekki nauðsynlegt að tryggja að þeir einstaklingar sem taka þurfa

Til umhugsunar:

- Mikilvægt er að ákvæðum laga um vinnuvernd verði framfylgt á vinnumarkaði. Hingað til hafa mörg fyrirtæki ekki framfylgt þeim lögum og erfitt hefur verið að beita viðurlögum vegna þess. Í frumvarpinu eru ákvæði varðandi dagsektir til fyrirtækja. Verður nú breyting á eða verður þetta vopn ekki notað?
- Unnin var skýrsla á vegum Vinnueftirlits ríkisins um Heilsuvernd starfsmanna í júní 1999. Í henni er talað um nauðsyn þess að unnið sé að heilsuvernd starfsmanna í þverfaglegu teymi sem samanstæði af 5 fagstéttum. – Hvers vegna ekki að framfylgja þeirri skýrslu í þessum lögum og tryggja þannig faglega umfjöllun og auka gæði þjónustunnar.
- Engir útreikningar á kostnaði eða fjárhagslegum ávinningi hafa farið fram á þeim breytingum sem gera á á núverandi lögum. Þær tölur sem nefndar eru sem kostnaður fyrir ríkissjóð eru alls ekki nægjanlega ígrundaðar og þar er hvergi talað um fjárhagslegan ávinning. Margar þjóðir m.a. Bandaríki Norður Ameríku hafa gert breytingar á sinni löggjöf m.a. til að stuðla að aukinni framleiðni í atvinnulífinu.

Virðingarfyllst**F.h. Vinnuverndarhóps Félags íslenskra sjúkraþjálfara**

Auður Ólafsdóttir, löggiltur sjúkraþjálfari
Hólmfríður Erlingsdóttir, löggiltur sjúkraþjálfari
Valgeir Sigurðsson, löggiltur sjúkraþjálfari